

Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2018110008

5. nóvember 2018

Hagatorg, nýjar gönguþveranir merktar með gangbrautarmörkingum

Lagt er til að nýjar gönguþveranir yfir Hagatorg við Hótel Sögu og við Espimel séu merktar sem gangbrautir með D02.11 og tilheyrandi yfirborðsmörkingu, M13.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Myndir til skýringar eru á næstu síðu.

Í gegnum verkefnapakkan Hverfið mitt er unnið að gerð gönguleiðar inn á Hagatorg. Gönguþveranirnar eru staðsettar á svipuðum stað og óskastígur um torgið sýnir. Gert er ráð fyrir að þessi leið verði mikið gengin og því sé ástæða til að merkja þveranirnar sem gangbrautir. Gert er ráð fyrir að akstursleiðin sé þrengd og lýsing bætt, til að bæta öryggi gangandi sem þvera götuna. Verkefnið er hugsað sem fyrsti áfangi stærra verkefnis þar sem torgið er þrengt niður í eina akrein og gönguleið og fleira gert á torginu sjálfu.


Fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar



Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Yfirverkfræðingur samgöngumála



Mynd 1 Núverandi Hagatorg. Fyrirhuguð staðsetning gönguþverana sem merktar yrðu sem gangbrautir.



Mynd 2 Drög að útfærslu þrengingar og gangbrautar. Hægri – Við Melaskóla. Vinstri – Við Hótel Sögu.